



## Spáum 3,3% verðbólgu í febrúar

Hagstofan birtir febrúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 27. febrúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,6% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir verður verðbólgan óbreytt í 3,3%.

VNV lækkaði um 0,41% milli mánaða í janúar, en opinberar spár lágu á bilinu -0,2% til -0,5%. Við spáðum -0,5%.


### Helstu undirlíðir:

- **Föt og skór** lækka venjulega töluvert milli mánaða í janúar vegna útsala og gengur sú lækkun til baka í febrúar og mars. Lækkunin í janúar í ár var mjög svipuð og síðustu ár og við gerum ráð fyrir að lækkunin núna í febrúar verði líka svipuð og síðustu ár.
- Ólíkt liðnum fatnaður og skór gengur lækkunin á **húsgögnum og heimilisbúnaði** í janúar alla jafna að fullu til baka í febrúar.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** lækki milli mánaða.
- Verðkönnun okkar í verðsjá fasteigna bendir til þess að **reiknuð húsaleiga** sé óbreytt milli mánaða.
- **Tómstundir og menning** hækka lítillega milli mánaða vegna útsöluloka á raftækjum.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 0,2% milli mánaða.
- Við gerðum ráð fyrir að verð á **nýjum bílum** (kaup á ökutækjum) hækki vegna tafinna gengisbreytinga. Þetta er þrátt fyrir samdrátt í sölu nýrra bíla en alla jafna ætti minni eftirspurn að skila sér í lægra verði. Skýrist það af því að umboðin eru líklegri til að bregðast við minni eftirspurn með því að bjóða afslátt eða aukahluti en að lækka listaverð.

Spáin er óbreytt frá því í janúar þegar við spáðum einnig 0,6% hækkun milli mánaða í febrúar.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	-5,0%	-0,06%
Matur og drykkjarv.	11,4%	-0,1%	-0,01%
Heilsa	3,9%	-0,2%	-0,01%
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	0,0%	0,00%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,0%	0,00%
Menntun	0,7%	0,0%	0,00%
Póstur og sími	2,1%	0,0%	0,00%
Bensín og díselolía	3,2%	0,2%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	0,2%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,3%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,4%	0,2%	0,03%
Áfengi og tóbak	2,4%	1,4%	0,03%
Tómst. og menning	9,7%	0,5%	0,05%
Kaup ökutækja	8,6%	0,6%	0,05%
Föt og skór	3,2%	6,0%	0,19%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	6,8%	0,26%
Alls	100,0%		0,57%

### Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



## Búumst við 3,5% verðbólgu í maí

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Mars: +0,4% milli mánaða, 3,2% ársverðbólga.
- Apríl: +0,1% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga.
- Maí: +0,1% milli mánaða, 3,5% ársverðbólga.

Eins og alltaf, þá er nokkur óvissa um framvindu verðbólgu. Sem stendur tengist óvissan aðallega þremur atriðum:

### Óvissa um niðurstöðu kjarasamninga



Kjarasamningaviðræður eru yfirstandandi og alls óvíst hvernig þær enda. Það er ólíklegt að atvinnurekendur hafi mikið svigrúm til að koma í veg fyrir að miklar launahækkanir smitist út í verðlag að þessu sinni. Miklar launahækkanir gætu því leitt til meiri verðbólgu að öðru óbreyttu.

### Óvissa um þróun fasteignaverðs

Fyrir utan gengi krónunnar er þetta líklegast stærsti óvissuþátturinn í verðbólguþróun næstu missera. Nokkuð mikið af nýju húsnæði er á leiðinni á markaðinn. Alla jafna ætti slíkt að skila sér í hækkun á þeim vísitölum sem mæla fasteignaverð þar sem fermetraverð á nýju húsnæði er venjulega hærra en á eldri. Hins vegar virðist sem mikið af þessu húsnæði sé dýrt og vísbendingar eru um að salan gangi hægar en vænst var.

### Óvissa um gengi krónunnar

Nýlega samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um losun aflandskróna, en alls er um að ræða 84 ma.kr. Seðlabankinn hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að leyfa að lausn þessa fortíðarvanda valdi gengisveikingu. Hann mun því mæta öllu útstreymi gjaldeyris vegna aflandskróna af fullum krafti. Í lok árs 2018 var gjaldeyrisforði Seðlabankans 770 ma.kr. Þannig að það er ljóst að bankinn hefur mikið bolmagn til þess að standa við yfirlýsinguna, en það á eftir að koma í ljós hversu vel honum tekst til.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.